



## Alþýðusamband Íslands

Reykjavík 9. janúar 2013

### **Verðbólgan er versti óvinur launafólks**

Miðstjórn ASÍ krefst þess að atvinnurekendur axli ábyrgð og haldi aftur af verðhækkunum. Geri þeir það ekki er einsýnt að framundan eru tímar óstöðugleika og átaka.

Miðstjórn ASÍ varar við þeim efnahagslega óstöðugleika sem hér ríkir. Gengi krónunnar hefur ekki verið lægra í tvö ár, verðbólgan mælist nú 4,2% og verðbólguhorfur eru óásættanlegar. Ástæður mikillar verðbólgu eru margar en hækkuð álagning í verslun og þjónustu, auknar álögur opinberra aðila og veikt gengi krónunnar skýra hana að mestu.

Verðbólgan er versti óvinur launafólks. Hún rýrir kjörin, hækkar vexti og eykur skuldir heimilanna. Samkvæmt gildandi kjarasamningum eiga laun almennt að hækka um 3,25% í byrjun febrúar. Helsta markmið kjarasamninganna var að auka kaupmátt alls launafólks. Það markmið er því miður ekki að nást.

Við þessa stöðu verður ekki unað. Það er ekki hægt að kasta öllum vanda og allri ábyrgð á launafólk. Miðstjórn ASÍ krefst þess að stjórnvöld og atvinnulífið komi fram af ábyrgð í þeirri erfiðu stöðu sem blasir við vegna endurskoðunar kjarasamninga. Ábyrgð atvinnurekenda er mikil en jafnframt verða stjórnvöld að standa við gefin fyrirheit, endurskoða stefnuna í gengis- og peningamálum og leggja þannig grunn að stöðugleika.